

## 7. Fundur verkefnisstjórnar Brothættra byggða 2 – Undirbúningsnefnd ÖÍS II

### Mætt á fundinn:

Helga Harðardóttir, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Einar Ingi Einarsson og Thomas Helmig.

### Fundur settur kl. 10:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Tillögur að úthlutun styrkja vegna verkefnisins Öxarfjörður í sókn II

1. **Tillögur að úthlutun styrkja vegna verkefnisins Öxarfjörður í sókn II**

Á 6. fundi verkefnisstjórnar sem haldinn var 15. janúar sl. var skipað í undirbúningshópa. Um var að ræða tvo hópa, annar fyrir Raufarhöfn & framtíðin II (ROF II) og hinn fyrir Öxarfjörð í sókn II (ÖÍS II) og var þessum hópum ætlað að fara yfir allar umsóknir á sínu svæði og koma með tillögur að styrkjum til verkefnisstjórnar.

Verkefninu ÖÍS II bárust alls 15 umsóknir og fór undirbúningsnefnd yfir þær umsóknir og komu með tillögur fyrir verkefnisstjórn.

Verkefnisstjóri mun svo taka saman þessar tillögur og setja saman greinargerð sem send verður verkefnisstjórn fyrir úthlutunarfund sem fram fer þann 9. mars 2026.

**Fleira ekki gert og fundi slitið 12:00**

**Fundargerð ritaði Einar Ingi**